



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
þriðjudaginn 2. desember 2014 kl. 20.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Sandra Rún Björnsdóttir formaður, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson.
Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1412003 – Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 14. október 2014.

Farið yfir fundargerðina, fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. 1412001 – Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2015-2018, umhverfismál.

Gögn lögð fram á fundi.

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram, engar breytingar gerðar, fjárhagsáætlun vísað til hreppsnefndar til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

3. 1412002 – Álagning gjalda og gjaldskrá Reykhólahrepps 2015, sorp og sorpmóttaka.

Gjaldskrár lagðar fram á fundi.

Lögð fram gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Reykhólahreppi.

Sorpeyðingargjald árið 2015:

Einbýlishús/íbúð	29.200
Sumarhús	14.600
Lögbýli	29.200
Atvinnuhúsnæði	29.200

Nefndin samþykkir gjaldskrána og vísar henni til hreppsnefndar til afgreiðslu.

Lögð fram gjaldskrá vegna móttöku á sorpi í Reykhólahreppi.

Afgreiðslunni frestað. Samþykkt samhljóða.

4. 1411016 – Bætt umhverfi á Reykhólum.

Erindi frá nemendum í 5. og 6. bekk Reykhólaskóla, vísað til kynningar í nefndina á fundi sveitarstjórnar þann 13. nóvember 2014.

Nefndin fór yfir erindið. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að keyptar verði ruslatunnur til að hengja víða um þorpið. Nefndin hvetur íbúa og stjórn fyrirtækja til að huga að þeim atriðum sem fram koma í bréfinu sem birt hefur verið á vef sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21.10.
